

**Ed.**

**290. Nefndarátt**

um frv. til fjáráukalaga fyrir árið 1922.

**Frá fjárveitinganefnd.**

Við athugun þessa frv. hafði nefndin ekkert sjer til stuðnings annað en greinargerð þá, sem fylgir frv. frá stjórninni, og þar sem sú greinargerð er harla ófullkomin, þá verður nefndin að telja það mjög bagalegt, að engin skjöl bárnst henni í hendur til skýringar hinum einstöku liðum frv.

Nefndin hefir því átt erfitt með að gera sjer grein fyrir því, hver nauðsyn hafi borið til ýmsra þeirra fjárveitinga, er í frv. standa, og því síður, að hún hafi getað fullkomlega sjeð, hvort haganlega hafi verið á fjenu haldið.

Af þessum ástæðum ætlar nefndin ekki að fjölyrða um frv. í heild sinni, þar sem líka svo er komið, að allar fjárhæðirnar í frv. eru þegar greiddar, að einni undanskilinni. Hjer verður því litlu, eða engu, um þokað.

Örfá atriði getur nefndin þó ekki leitt hjá sjer að drepa á.

Að sjálfsgöðu hefir ekki verið hægt að komast hjá því að kosta nokkru til byggingar á prestssetrinu Mælifelli, eftir brunann þar, en að til þess skuli hafa gengið 30 þúsundir króna, sýnist nefndinni ekki bera vott um, að ýtrasta sparnaðar hafi verið gætt.

Nefndin er sammála hv. fjárveitinganefnd Nd. um það, að nauðsyn beri til að takmarka framvegis fjárframlög ríkissjóðs til kirkjugarðsins í Reykjavík. Telur nefndin, að löggjafarvaldinu sje innan handar að haga þessu svo, að legkaupin beri upp kostnaðinn við uppfyllingu kirkjugarðsins.

Þá hefir stjórnin veitt Verslunarráðinu 2000 kr. til að koma á fót frjettastofu. — Jafnvel þótt þessi fjárveiting orki tvímælis, vill nefndin þó, í þetta sinn, láta það óátalið, þar sem um byrjunarfyrirtæki var að ræða. Hinsvegar vill nefndin taka það fram, að hún er algerlega ósammála þeim ummælum í nefndaráliti fjárveitinganefndar Nd., er lúta að því að hvetja stjórnina til að setja upp utanríkismálaskrifstofu, til að lita eftir verslunar- og markaðshorfum í útlöndum. Og þó að nefndin vilji enganveginn draga úr því, að stjórnin sje á verði um þessi mál, þá væntir hún þess, að ekki verði, að svo komnu, farið að gera neinar sjerstakar ráðstafanir í þessa átt, hvorki með fjárframlögum nje embættaskipunum, án þess að íhlutun Alþingis komi til.

Í framsögu verður gerð grein fyrir breytingartillögu nefndarinnar.

Alþingi, 6. apríl 1923.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Einar Árnason,  
fundaskrifari og frsm.

Ingibjörg H. Bjarnason.

Hjörtur Snorrason.

Jónas Jónsson.